

Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 2021

Lögð fram á ársfundi 23. maí 2022

Á ársfundi Sagnfræðistofnunar 30. apríl 2021 var kjörin ný stjórn til þriggja ára. Í henni sitja Már Jónsson sem forstöðumaður, Rósa Magnúsdóttir sem fyrsti meðstjórnandi og Sverrir Jakobsson sem annar meðstjórnandi. Viðar Pálsson er varamaður. Bragi Þorgrímur Ólafsson sat áfram í stjórn sem fulltrúi doktorsnema. Nýr fulltrúi verður kjörinn á fundi doktorsnema í júní. Í fráfarandi stjórn sátu Guðmundur Jónsson, Sumarliði R. Ísleifsson og Steinunn J. Kristjánsdóttir (til 3. mars) Stjórnin hélt fimm fundi á árinu 2021. Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Hann er jafnframt formaður Landsnefndar sagnfræðinga og auk hans situr Sumarliði R. Ísleifsson í henni fyrir hönd Sagnfræðistofnunar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir er landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna, sem er hluti Sagnfræðistofnunar. Hann situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagraði Miðstöðvar munnlegrar sögu og varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunarinnar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar ásamt Sverri Jakobssyni, sem er formaður.

Félagar

Kennarar í sagnfræði og hagnýtri menningarmiðlun: Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Már Jónsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Sumarliði R. Ísleifsson, Sverrir Jakobsson, Valur Ingimundarson og Viðar Pálsson. Kennarar á eftirlaunum: Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Kristjana Kristinsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead. Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson. Doktorsnemar: Anna Heiða Baldursdóttir, Bethany Louise Rogers, Björn Reynir Halldórsson, Dalrún Eygerðardóttir, Daria Segal, Egill Þór Níelsson, Einar Einarsson, Giulia Zorzan, Guðrún Harðardóttir, Gunnar Sveinbjörn Óskarsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Lea Debora Pokorny, Margrét Gunnarsdóttir, Meghan Ann Korten, Óskar Guðlaugsson, Pétur Guðjón Kristjánsson, Pontus Erik Gunnar Jarvstad, Ryan Dean Fenster, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Sylvia Bates, Tryggvi Rúnar Brynjarsson og Yeshiwas Degu Belay.

Rannsóknir

Árni Daníel Júlíusson stjórnar öndvegisverkefninu „Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Svarfaðardalur, Hörgárdalur and their hinterlands ca. AD 870–1500“, sem Rannís styrkir. Hann er fulltrúi Íslands í Erasmus-verkefninu „European Landscapes of Transhumance“. Í tengslum við það annaðist hann örnámskeið um seljabúskap og „fuzzy cognitive mapping“ í kjarnanámskeiðum í Íslandssögu á haustmisseri. Hann birti greinina „Á eyðibýlum norðanlands. Um byggðaþróun í þremur héruðum norðanlands á miðöldum,“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2021, bls. 43–77. Hann var andmælandi við doktorsvörn Kristjónu Kristinsdóttur og flutti fyrirlestra innanlands og erlendis:

- „Black Death in Iceland.“ It spread without stop web conference 20. febrúar.
- „Ideas about the role of women in 18th century Iceland.“ 5th St. Magnus Conference online 14.–16. apríl. Lerwick, Shetland.
- „Famines in Iceland: The Early Modern Evidence versus the Medieval Evidence.“ Leeds online. International Medieval Conference 5. júlí.
- „What were the main lines in the development of settlement and property ownership in the two valleys of Svarfaðardalur and Hörgárdalur in 870–1500?“ Icechange í ágúst 2021.
- „Svarfaðardalur and Hörgárdalur settlement 870–1500.“ Two Valley meeting, Reykjavík 5. október.
- „Social, environmental and political development in Svarfaðardalur and Hörgárdalur 870 to 1500: An outline.“ Með Ramonu Harrison. Reykjavík 6. október 2021.
- „Tvídæla – þverfaglegt rannsóknarverkefni um Svarfaðardal og Hörgárdal á miðöldum.“ Menningarhúsið Berg í Dalvík 8. október 2021. Með Ramonu Harrison.
- „Hvalrekar og hvalveiðar á 13. til 15. öld. Um vitnisburð skjalaheimilda og annarra heimilda um þátt hvalaafurða í afkomu Íslendinga á þessum tíma.“ Miðaldastofa 4. nóvember.

Erla Hulda Halldórsdóttir flutti fyrirlestra á nokkrum rafrænum ráðstefnum, þar á meðal á ráðstefnu ESSHC í Leiden, á norrænu kvenna- og kynjasöguráðstefnunni í Árósum og ráðstefnu um 100 ára kosningarétt kvenna í Stokkhólmi. Einnig flutti hún fyrirlestra á málstofum bæði innanlands og utan, svo sem hjá Þjóðskjalasafni, við Oxfordháskóla og hjá netverki um verkalyðssögu í Stokkhólmi. Þessir fyrirlestrar tengdust flestir rannsóknarverkefninu „Í kjölfar kosningarréttar“ sem er styrkt af Rannís. Birt efni er grein um höfundarverk Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur í vorhefti *Sögu* og grein í þýsku fræðivefriti, *Why Europe, Which Europe? A Debate on Contemporary European History as a Field of Research*.

Guðmundur Hálfðanarson skrifaði eina grein og er meðhöfundur tveggja greina í ritinu *Denmark and the New North Atlantic. Narratives and Memories in a Former Empire*. Hann birti einnig greinar í ritunum *Nordic War Stories: World War II as History, Fiction, Media, and Memory* og *Nation som kvalitet. Smak, offentligheter och folk i 1800-talets Norden*. Hann tekur þátt í rannsóknarverkefninu „Post-Truth Politics, Nationalism and the (De-)Legitimation of European Integration“.

Guðmundur Jónsson stýrði sem fyrr verkefninu „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins“ (Rannís). Hann skrifaði tvo kafla með Erni D. Jónssyni í ritið *Milli hnífs og skeiðar*, annan um fiskstauta og hinn um nútímavæðingu mataræðis. Hann flutti fyrirlestra við hagsögudeild háskólans í Stokkhólmi (food and famine in pre-industrial Iceland) og á vefráðstefnu ESSHC í Leiden, Hollandi (emergence of an agrarian welfare system in Iceland), og tók þátt í pallboðsumræðu um sögu sósíaldemókratísmans á Norðurlöndum á vefráðstefnu Nordic Labour History Network. Hann fékk styrk úr Innviðastjóðri Rannís til að vinna að frekari uppbyggingu á gagnagrunni um samfélagsgerð á Íslandi í upphafi 18. aldar.

Helga Jóna Eiríksdóttir vann að útgáfu á rannsóknarriti Þjóðskjalasafns sem áætlað er að komi út árið 2022. Hún er ritstjóri þess og höfundur tveggja greina um eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns Íslands og um grisjun. Hún hélt erindi um skjalavörslu og skjalastjórn á ráðstefnu ICA (International Council on Archives) 28. október. Hún birti greinina „Skjalasöfn sýslumanna á nítjándu öld: um skjalfræði, mikilvægi upprunans og heimildargildi skjala“, *Saga* 59:1 (2021), bls. 152–185.

Kristjana Kristinsdóttir vann að útgáfu bókarinnar *Lénið Ísland. Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra á 16. og 17. öld* sem kom út 7. október.

Már Jónsson gaf út varðveitta íslenska galdradóma frá 17. öld í tveimur bindum á vegum Sögufélags. Hann birti styttri greinar í afmælisritum og tímaritum, ritdóma í *Sögu* og pistla á Vísindavef. Hann hélt fyrirlestra í Reykjavík og í Björgvin, Noregi. Hann tekur þátt í öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss“ og er formaður fagráðs í hugvísindum hjá Rannís.

Ragnheiður Kristjánsdóttir vann að greinum tengdum verkefninu „Í kjölfar kosningaréttar“ sem styrkt er af Rannís. Á árinu kom út í bókinni *A Cultural History of Democracy in the Modern Age* (London: Bloomsbury) kafla sem hún skrifaði með Anupama Roy. Hún tók þátt í norræna verkefninu „Voting Restrictions in the Nordic Countries“ sem er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Ragnheiður hefur undanfarin ár verið landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Hún tók þátt í netráðstefnum sem haldnar voru í Stokkhólmi, Árósum og Leiden en hélt auk þess nokkra fyrirlestra í Reykjavík.

Rósa Magnúsdóttir gaf út bókina *Kristinn og Þóra: Rauðir þræðir*. Bók hennar *Enemy Number One: The United States of America in Soviet Ideology and Propaganda, 1945–1959* kom út í kilju hjá Oxford University Press. Hún hélt erindi á alþjóðlegum ráðstefnum og innlendum málstofum, ásamt því að sinna stjórnarsýslu, leiðsögn og kennslu fyrir þrjá háskóla á jafnmörgum Norðurlöndum.

Sigurður Gylfi Magnússon stjórnar öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“ (e. *My Favourite Things: Material Culture Archives, Cultural Heritage and Meaning*). Sigurður Gylfi er einn af tveimur stjórnendum verkefnisins „Bíbí í Berlín: Einsaga og fötlunarfræði – ný nálgun“ sem styrkt er af Rannís frá og með árinu 2021. Hann gaf út bókina *Archive, Slow Ideology and Egodocuments as Microhistorical Autobiography: Potential History* (London: Routledge 2021). Einnig kom út bók sem hann ritaði með fleirum: Anna Heiða Baldursdóttir, Atli Þór Kristinsson, Daníel Guðmundur Daníelsson, Marín Árnadóttir og Sólveig Ólafsdóttir, *Þættir af sérkennilegu fólki. Menning fátæktar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 29 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021). Þá birtust eftirtaldar greinar:

- „Microhistory.“ *Routledge Handbook of Research Methods in the Study of Religion*. Ritstj. Michael Stausberg og Steven Engler. Önnur útgáfa (London: Routledge, 2021).
- „In the Name of Barefoot Historians: In-Between Spaces within the Icelandic Educational System.“ Meðhöfundur Davíð Ólafsson. *Education Beyond Europe – Models and Traditions before Modernities*. Ritstj. Cristiano Casalini, Edward Choi og Ayenachew Woldegiyorgis (Leiden: Brill, 2021).
- „The Backside of the Biography: Microhistory as a Research Tool” og „The Devil is in the Detail: What is a ‘Great Historical Question’?” í *Fear of Theory*. Biography Studies. Ritstj. Hans Renders og David Veltman (Leiden: Brill, 2021).
- „One Story, One Person: The Importance of Microhistorical Research for Disability Studies.” *Understanding Disability Throughout History: Interdisciplinary perspectives in Iceland from Settlement to 1936*. Ritstj. James Rice og Hanna Björg Sigurjónsdóttir (London: Routledge, 2021).

Sigurður Gylfi er einn af ritstjórum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar og voru gefnar út tvær bækur á árinu. Hann er annar tveggja ritstjóra í bókaröð sem nefnist *Microhistories* og bókforlagið Routledge gefur út. Tvær bækur komu út á árinu. Sigurður Gylfi er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna sem er gestastofnun fyrir rannsóknarverkefni „Heimsins hnoss“ og „Bíbí í Berlín“.

Sumarliði Ísleifsson. Á árinu var meginstarf hans umsjón með námsleiðinni Hagnýt menningarmiðlun og skyldum greinum. Í hans umsjón var sett á laggirnar ný námsleið, menningarmiðlun sem er 120 eininga meistaranám. Hann birti ritdóma og greinar og tók þátt í ráðstefnum hérlendis og erlendis, meðal annars í Kanada, Orkneyjum og Danmörku. Þá setti hann upp sýningu í Amtsbókasafninu á Akureyri.

Sverrir Jakobsson stjórnar rannsóknaverkefni „Norrænir menn í Austurvegi“ (Legends of the Eastern Vikings), styrkt af Rannsóknasjóði. Fræðimenn frá Íslandi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Ungverjalandi og Ísrael vinna saman að rannsóknum á væringjum og öðrum Austurvegsþjóðum. Hann birti greinina „All the King’s men. The incorporation of Iceland into the Norwegian Realm“ í *Scandinavian Journal of History*. Sverrir flutti þrjá fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum málþingum. Þá stóð hann fyrir alþjóðlegu málþingi um sögu norrænna manna í Austurvegi í húsnæði Háskóla Íslands að Laugarvatni í október.

Valur Ingimundarson tekur þátt í starfi í nokkurra rannsóknarnetverka og -stofnana, þar á meðal ReNEW (Reimagining Norden in an Evolving World), EDDU, New Nordic Network on Arctic Security Strategy, MAREC (Arctic Security and Preparedness Network). Auk þess kemur hann að rannsóknaverkefnum um lýðræði (Rannís) og alþjóðastjórnsmál og öryggismál við LSE IDEAS og RUSI í London. Grein birtist eftir hann í tímaritinu *International History Review* undir heitinu „Unarmed sovereignty versus foreign base rights: enforcing the US-Icelandic defence agreement 1951–2021“. Hann hélt erindi á alþjóðlegum ráðstefnum í Boston og Leiden.

Viðar Pálsson leiddi rannsóknarverkefni um Kristinrétt Árna biskups (ásamt Anders Winroth við Oslóarháskóla), sem styrkt er af Rannís. Hann er meðlimur í Oddarannsókninni, styrktri af RÍM, og flutti erindi á Oddastefnu að sumri. Þá er hann þátttakandi í norsku rannsóknarverkefni um Jónsbók og Landslög Magnúsar lagabætis og flutti erindi á ráðstefnu um það efni í Björgvin að hausti. Hann birti grein um Jón Halldórsson Skálholtsbiskup.

Útgáfa

Engar bækur komu út á vegum Sagnfræðistofnunar á árinu. Í undirbúningi er bók Marie Simon Thomas um Íslandsferðir Hollendinga á 17. og 18. öld í þýðingu Leos Ingasonar. Anna Agnarsdóttir og Helgi Þorláksson ritstýra verkinu. Sagnfræðistofnun hefur fengið 200.000 kr. styrk frá Miðstöð íslenskra bókmennta til útgáfunnar og heldur honum til áramóta. Þessi bók verður utan ritraða. Á stjórnarfundum 15. september 2021 var rætt um ritraðir stofnunarinnar (Sagnfræðirannsóknir, Ritsafn Sagnfræðistofnunar, Heimildasafn Sagnfræðistofnunar) og

ákveðið að nauðsynlegt sé að skilgreina hlutverk þeirra, til dæmis hvort rétt væri að leggja áherslu á rit er nýttust við kennslu í sagnfræði eða eldri sem yngri doktorsritgerðir. Rædd var sú hugmynd að útgáfuumsjón einstakra rita yrði á höndum valinna félaga innan stofnunarinnar en ekki á herðum sérstakra ritstjóra hverrar ritraðar. Niðurstaðan varð að taka málefnið til umræðu á næsta ársfundi. Stjórn veitti *Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar* útgáfustyrk, en hún er gefin út af Miðstöð einsögurannsókna. Einnig var veittur styrkur til útgáfu á doktorsritgerð Kristjönu Kristinsdóttur, *Lénið Ísland*, sem Þjóðskjalasafn annaðist. Loks var heitið styrk til útgáfu bókar á vegum rannsóknarverkefnisins „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins: Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar“ sem Guðmundur Jónsson og Ólöf Garðarsdóttir fara fyrir. Áformað er að Sögufélag gefi bókina út.

Fræðilegar samkomur

Vegna kórónafaraldurs varð ekkert úr fyrirlestrum og málþingum með aðild Sagnfræðistofnunar. Til stóð að fimmta Söguþingið yrði haldið á árinu í samvinnu við Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga og átti Paula Hamilton, prófessor við University of Technology í Sídney í Ástralíu, að halda Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar í tengslum við það. Þinginu var frestað um eitt ár. Sagnfræðistofnun lagði fram 700 þús. kr. til þingsins í fyrstu umferð. Stjórn samþykkti að Sagnfræðistofnun myndi taka þátt í kostnaði við heimsókn danska sagnfræðingsins Pernille Ipsen til landsins á vormánuðum og ákvað að biðja hana um að halda Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, helst í tengslum við Söguþing.

Landsnefnd Sagnfræðinga vinnur fyrir hönd íslenskra sagnfræðinga að undirbúningi Norræna sagnfræðingaþingsins í ágúst 2022 og hefur Ólafur Arnar Sveinsson á Þjóðskjalasafni veg og vanda af því.

Sýningar

Hálfrar aldar afmælis Sagnfræðistofnunar var minnst í Þjóðarbókhöllu 2. september og opnuð sýning um sögu stofnunarinnar, sem stóð til 29. nóvember. Sóttvarnarreglur leyfðu allt að 80 gesti. Við opnunina héldu erindi Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Helgi Þorláksson, fyrrverandi prófessor, og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og fyrrverandi prófessor. Að dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar. Vegleg sýningarskrá var gefin út og í tilefni af afmælinu var Jakob Snævar Ólafsson fenginn til að skrifa MA-ritgerð um sögu stofnunarinnar, starfsemi hennar og rannsóknir félaga.

Undirbúningur hófst að málþingi og sýningu um enska vísinda- og stjórnmálamanninn Joseph Banks í tilefni af því að sumarið 2022 verða liðnar þrjár aldir frá því að leiðangur hans kom til landsins. Umsjón hafa Anna Agnarsdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson. Styrkur fékkst úr ráðstefnusjóði Hugvísindastofnunar og mun Sagnfræðistofnun leggja fé til framkvæmdarinnar, og fleiri.

Ýmis atriði

Gengið var frá skjalasafni stofnunarinnar og naut Guðmundur Jónssonar aðstoðar Emils Gunnlaugssonar við það verk. Hluti þess er í Skjalasafni Háskólans og hluti í Guðnastofu. Framvegis verður það að mestu leyti varðveitt rafrænt. Uppfærð ritaskrá bókasafnsins var sett á svæði Sagnfræðistofnunar á forritinu Teams sem Háskólinn heldur utan um. Georg Gylfason aðstoðaði við frágang bókalagers og afgreiddi bækur til Forlagsins og hefur vefsala þess borið góðan árangur. Stærstum hluta lagersins hefur verið komið fyrir í geymslu á jarðhæð Árnagarðs og nýrri útgáfurit eru hjá Háskólaútgáfu. Georg lagði lið við tiltektir í Guðnastofu með það að markmiði að hún nýtist betur til minni funda og sem vinnuástaða fyrir gesti og vegna rannsóknarverkefna kennara. Brynhildur Ingvarsdóttir lauk við stærstan hluta íðorðasafns 26. september og var afraksturinn sendur kennurum til skoðunar. Í nefndinni eru Anna Agnarsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Sverrir Jakobsson og Helgi Skúli Kjartansson.

Fjármál

Í árslok 2021 voru kr. 4.890.281 á reikningi stofnunarinnar, nokkurn veginn sama upphæð og ári fyrr (kr. 4.826.407). Inneign vegna *Scandinavian Journal of History* er kr. 4.745.701. Það fé er til ráðstöfunar fyrir Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga vegna alþjóðlegra samskipta fræðasviðsins. Tekjur Sagnfræðistofnunar námu kr. 4.124.329 og komu frá Hugvísindastofnun. Útgjöld námu kr. 1.760.455 og af því tengdust kr. 1.021.762 hálfrar aldar afmæli stofnunarinnar. Einnig voru kr. 2.300.000 færðar yfir á útgáfureikning vegna halla á bókaútgáfu, sem nú er horfinn. Sjá nánar í sundurliðuðu fjárhagsyfirliti. Vert er að geta þess að fjárveiting Sagnfræðistofnunar fyrir árið 2022 er 500.000 í grunnframlag og kr. 2.880.755 sem reiknað mótframlag vegna styrkja eða samanlagt kr. 3.380.755.

Fjárhagsyfirlit Sagnfræðistofnunar árið 2021

		Árslok 2020	Árslok 2021
139204	Sagnfræðistofnun	4,826,407	4,890,281
139562	Útgáfa	-1,909,690	2,912
139540	Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar	0	0
	Alls staða stofnunar	2,916,717	4,893,193
139409	Scandinavian Journal of History	2,747,863	4,745,710
	REKSTUR ÁRIÐ 2021		
	SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204	<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>
	Fjárveiting frá Hugvísindastofnun	4,124,329	
	Hluti fjárveitingar rann til Rannsóknastofu í fornleifafræði		
	Greitt inn á útgáfureikning		2,300,000
	Alls fjárveiting og styrkir	4,124,329	2,300,000
	Stjórn / almennur rekstur		
	Reikningar frá Reiknistofnun – sími (lokaður)		3,000
	Reikningar frá Reiknistofnun – tölvuþjónusta		21,450
	Laun og launategd gjöld: Urður Egilsdóttir		19,547
	Laun og launategd gjöld: Georg Gylfason		35,689
	Ársfundur, veitingar		21,168
	Keypt tímarit og bækur		38,529
	Alls stjórn / almennur rekstur	0	139,383
	Málþing og skyld starfsemi		
	Hátíðarkvöldverður í tilefni afmælis		298,950
	Vínveitingar við opnun sýningar		25,047
	Veitingar vegna afmælis Sagnfræðistofnunar		3,987
	Kostnaður vegna sýningar		343,088
	Jakob Snævar Ólafsson vegna vinnu við sýningu		150,000
	Rakel Jónsdóttir vegna vinnu við sýningu		200,000
	Málþing og skyld starfsemi alls	0	1,021,072

	Veittir styrkir		
	Lénið Ísland		200,000
	Miðstöð einsögurannsókna – útgáfa		300,000
	Viðar Pálsson v/2018 og 2019		100,000
	Alls styrkir		600,000
	ALLS Sagnfræðistofnun (139204)	4,124,329	4,060,455
	Mismunur	63,874	
	ÚTGÁFA – 139562		
	Rekstrarafgangur v/bókar um Pál Briem frá Háskólaútgáfu		
	og var endurgreiddur styrkveitendum	1,365,019	1,365,019
	Greiðslur til höfunda v/Páls Briem		216,661
	Greitt til HÚ v/eldri bóka		170,737
	<i>Lagt inn frá aðalnúmeri Sagnfræðistofnunar</i>	2,300,000	
	ALLS útgáfa (139562)	3,665,019	1,752,417
	Tekjur umfram gjöld	1,912,602	
	Scandinavian Journal of History - 139409		
	INFORMA UK	2,116,093	
	Ferðakostnaður		
	Árgjald Scandinavian Journal		113,240
	Bankakostnaður		5,006
	ALLS Scand. Journal	2,116,093	118,246
	Mismunur	1,997,847	